

ársvexti af kr. 289.297 frá 1. september 1974 til 1. júlí 1975 og af kr. 405.456 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn ferðakostnað, sem ákveðst kr. 110.000.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stálvík, SI 1, til tryggingar kr. 116.159 auk málskostnaðar og vaxta af þeirri fjárhæð, sbr. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dómsorð:

Stefndi, Þormóður rammi h/f, greiði stefnanda, Ólafi Björnsyni, kr. 405.456 með 13% ársvöxtum af kr. 289.297 frá 1. september 1974 til 1. júlí 1975 og af kr. 405.456 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 110.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stálvík, SI 1, til tryggingar kr. 116.159 auk vaxta og kostnaðar af þeirri fjárhæð.

Priðjudaginn 30. maí 1978.

Nr. 16/1976. **Þormóður rammi h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Júlíusi Ragnari Árnasyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Elías I. Eliasson bæjarfógeti ásamt samdómendunum Eyþóri Hallssyni framkvæmdastjóra og Knúti Jónssyni framkvæmdastjóra.

Afrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1976. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 12.094 krónur, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

2. varakrafa, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 96.755 krónur, en um málskostnað fari eins og greint var um í 1. varakröfu.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Aðilja greinir eigi á um tölulegan útreikning eða um vaxta-kröfu.

Staðfesta ber héraðsdóm með vísun til forsendna hans, enda verður eigi talið, að niðurlagsákvæði 18. gr. laga nr. 67/1963 eigi hér við.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þormóður rammi h/f, greiði stefnda, Júlíusi Ragnari Árnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Siglufjarðar 15. desember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Júlíus Ragnar Árnason, til heimilis Norðurgötu 7 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 25. september sl. og birtri 4. október sl., gegn Þormóði ramma h/f, hér í bæ, til greiðslu kaups að fjárhæð kr. 157.227 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Enn fremur krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Stálvík, SI 1, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Endanlegar kröfur stefnda í málinu við munnlegan flutning þess voru þær aðallega, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt taxta LMFÍ. Til vara var þess krafist, að stefnufjárhæðin yrði lækkuð í kr. 12.094 og málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara var þess krafist, að stefnufjárhæðin yrði lækkuð í kr. 96.755 og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að hann hafi starfað sem netamaður á m/s Stálvík á tímabilinu 26. nóvember 1974 til 17. apríl 1975 og hafi hann orðið óvinnufær vegna tannverkja í síðustu veiðiferð sinni með skipinu. Fór hann því ekki í veiðiferð, sem hófst 18. apríl og lauk 30. apríl. Samkvæmt upplýsingum stefnda námu tekjur netamanns á skipinu í umræddri veiðiferð, sem stefnandi missti af vegna þessa, kr. 157.227. Stéttarfélag stefnanda hefur kafið stefnda um greiðslu launa fyrir stefnanda í umræddu sjúkdómstílfelli, en stefndi synjað um greiðslu að ráði LÍÚ, sem telji stefnanda engan rétt eiga til launa í slíku sjúkdómstílfelli. Mál þetta sé því höfðað til að fá skorið úr ágreiningi aðilja í þessu efni.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi verið skipverji á m/s Stálvík, SI 1, að meira eða minna leyti síðan skipið kom til Siglufjarðar á árinu 1973, ýmist sem háseti, bátsmaður eða 2. stýrimaður. Var hann mjög illa haldinn sakir tannpínu síðustu þrjá daga veiðiferðarinnar, sem lauk hinn 17. apríl sl. Þrátt fyrir það gekk hann þó til verka sinna um borð, en var naumast vinnufær, bæði af tannpínunni og áhrifum verkjataflna, er hann fékk hjá skipstjóra við tannpínunni. Áður hafði hann ekki fengið jafn heiftarlega tannpínu. Þegar í land kom, hafði stefnandi þegar samband við tannlækninn hér, sem gat þó ekki tekið við honum fyrr en næsta dag, þ. e. 18. apríl sl. Gekk hann til tannlæknisins í ein fjögur skifti, og gerði hann við tvær til þrjá tennur a. m. k. Skipið fór í veiðiferð 18. apríl sl., en stefnandi treysti sér ekki til þess að fara með sökum tannverkja.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Jóhanns Sv. Jónssonar tannlæknis, dags. 18. apríl 1975, svohljóðandi: „Það vottast hér með, að Júlíus Árnason er óvinnufær vegna tannverkja“, sbr. dskj. nr. 3.

Jóhann Sverrir Jónsson tannlæknir hefur komið hér fyrir dóm sem vitni. Kannaðist hann við að hafa ritað fyrrgreint vottorð á dskj. nr. 3 og undirritað. Minntist hann þess, að stefnandi kom til hans sama dag og vottorðið var skrifað og hafði þá verk í taugum

a. m. k. tveggja tanna, þ. e. rótarbólgu. Taldi tannlæknirinn stefnanda óvinnufæran þann dag, en þá átti skipið að fara á veiðar eða daginn á eftir að sögn stefnanda. Ekki taldi hann hægt að framkvæma nauðsynlega aðgerð vegna tannverkjanna samdægurs, og kom stefnandi til vitnisins í þrjú eða fjögur skipti til tannviðgerða. Gerði vitnið við eina tönn þann 18. apríl. Ef um það hefði verið að ræða, að stefnandi hefði átt að fara með skipinu í veiðiferð þann sama dag, þ. e. 18. apríl sl., þá hefði vitnið ekki treyst sér til að fullyrða, að stefnandi hefði verið laus við tannverki, enda var kvartað um tannverki á fleirum en einum stað. Var það niðurstaða vitnisins í þessu tilfelli, að betra hafi verið að gera við tennurnar en draga þær úr, eins og á stóð. Þá upplýsti vitnið, að rótarbólrgan hjá stefnanda þann 18. apríl hafi stafað af djúpskemmdum tönnum, og var ásigkomulag tanna hans þannig, að margar tennur vantaði, en sumar voru mikið skemmdar. Sagði vitnið, að full ástæða hefði verið fyrir stefnanda að láta gera við tennur sínar fyrr.

Fyrir dóminn kom sem vitni Hjalti Björnsson, skipstjóri á m/s Stálvík, SI 1. Hefur vitnið lengi verið með stefnanda til sjós og þekkir hann vel. Síðustu daga veiðiferðarinnar, sem lauk 17. apríl sl., var stefnandi illa vinnufær vegna tannverkja. Gaf vitnið stefnanda verkjatöflur til að uppræta tannverkina, en til þess dugðu þær greinilega ekki. Stefnandi var 2. stýrimaður í umræddri veiðiferð og því vaktformaður á dekki. Var hann ekki hálfur maður til vinnu, en gekk þó til starfa sinna. Hitabreytingar virtust hafa slæm áhrif á líðan stefnanda. Þetta er í eina skiptið sem stefnandi hefur kvartað við vitnið undan tannverkjum, er þeir hafa verið saman til sjós. Stefnandi fékk tannverkina í miðri umræddri veiðiferð, og ágerðust verkirnir eftir því sem á veiðiferðina leið. Það stefnandi vitnið um frí í næstu veiðiferð vegna tannverkjanna, því vitninu skildist hann ætla að fara til tannlæknis. Vitnið taldi tannþínu ekki næga ástæðu til þess að fá veitt frí út á, en þegar stefnandi skilaði vitninu vottorði frá tannlækni um, að hann væri óvinnufær vegna tannverkja, tók vitnið það gott og gilt og veitti stefnanda fríð út á vottorðið.

Kröfur stefnanda eru á því reistar, að samkvæmt 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 beri að greiða sjómönnum laun vegna vinnu, sem þeir missi af vegna veikindatilfella, og sjúkdóma í tönnum og tannholdi verið að líta á sem hverja aðra sjúkdóma.

Við munnlegan flutning málsins var lögð á það áhersla af hálfu stefnanda, að með vottorði stefnda á dskj. nr. 9 sé upplýst, að

vegna umræddrar tannviðgerðar hafi stefnandi misst af veiðiferð, sem stóð frá 18. til 30. apríl, og að tekjur í þeirri veiðiferð, hefðu orðið kr. 157.227, en það sé stefnufjárhæðin í máli þessu. Í málinu krefjast stefnandi því allra þeirra launa, sem hann hafi misst af í umræddu veikindatilfelli og af völdum þess. Mótmælt var varakröfu (þrautavarakröfu) stefnda, þ. e. að stefnandi geti samkvæmt ákvæðum 18. gr. sjómannalaga aldrei átt rétt á kaupum fyrir lengri tíma en hann er óvinnufær vegna veikinda eða meiðsla. Samkvæmt vottorðinu á dskj. nr. 12, sem stefndi hafi aflað, komi fram, að lækni meðferðinni hafi lokið 25. apríl, sem útaf fyrir sig sé ekki vefengt. Stefnandi var ráðinn á tiltekið skip og hefði hann orðið vinnufær áður en það kom til hafnar, eins og strangt tekið megi segja, að hann hafi orðið, átti stefndi, þ. e. útgerðin, þess ekki kost að fá honum starfið, sem hann var ráðinn til, fyrr en skipið kom. Ekkert sé komið fram af hálfu stefnda, sem bendi til, að hann hafi haft tiltækt samsvarandi starf fyrir stefnanda dagana 26. til 30. apríl, þ. e. á skuttogara, og stefnandi hefði raunar ekki þurft að sæta því að taka við slíku starfi, því það skipti launþega verulegu máli, hver sé vinnustaður hans og hverjir yfirmenn.

Sýknukröfur stefnda eru á því byggðar, að stefnandi eigi sjálfur sök á veikindum sínum og eigi hann því sjálfur að bera vinnutjón það, er hann varð fyrir vegna veikinda sinna, er stöfuðu af tannskemmdum. Stefndi heldur því fram, að veikindi og þjáningar vegna skemmdra tanna verði einvörðungu rakið til þess, að viðkomandi maður hafi ekki hirt um að hald við tönnum sínum, sem skemmist því meir því lengur sem sé dregið að fara til tannlæknis. Sé þess gætt að láta tannlækni yfirfara tennurnar reglubundið, þurfi maður aldrei að verða óvinnufær vegna skemmdra tanna. Þá er því haldið fram, að 18. gr. sjómannalaganna sé ekki ætlað að bæta mönnum launatap, er þeir verða fyrir vegna veikinda, er stafa af hirðuleysi um eigið heilsufar. Slík veikindi telur hann til eigin sakar sjómannsins samkvæmt 4. mgr. 18. gr. sjómannalaga og undanþiggi útgerðina greiðsluskyldu. Stefnanda mátti vera það ljóst, að hirðuleysi hans um tennur sínar hlaut að lokum að leiða til forfalla frá vinnu vegna tannskemmda og tannþínu, og augljóst sé, að slíkt framferði af hans hálfu geti ekki veitt honum rétt til veikindakaups úr hendi stefnda. Lögð var á það áhersla í málflutningi stefnda, að stefnandi hafi verið fullkunnugt um það, að tennur hans hafi verið að skemmast í langan tíma og hann hafi ekkert gert til þess að sporna við frekari skemmdum

eða að fá tennurnar lagfærðar og þar sem ekki aðeins hafi verið yfirgnæfandi líkur á forföllum í náinni framtíð, heldur ljóst, að svo yrði að öllu óbreyttu, þá eigi stefnandi engan rétt á að gera kröfu til greiðslu veikindakaups úr hendi stefnda, sem átti þess engan kost að koma í veg fyrir tannskemmdirnar, og eigi stefnandi því að bera tjón sitt sjálfur og taka þar með afleiðingum eigin trassaskapar. Það verði að gera einhverja lágmarkskröfu til sjómanna, að þeir geri ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þeir slasist eða veikist.

Fyrir varakröfu sinni gerði stefndi þá grein, að þar væri reiknað með kaupum í einn dag af þeim þrettán, sem veiðiferðin, sem stefnandi missti af, tók, þ. e. 1/13 af kr. 157.277, eða kr. 12.094. Samkvæmt framburði tannlæknisins hafi stefnandi verið óvinnufær í einn dag, þ. e. 18. apríl. Eftir því eigi stefnandi samkvæmt 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna aðeins rétt á veikindakaupi í þennan eina dag, þ. e. meðan hann var óvinnufær.

Þrautavarakrafa stefnda í málinu er á því byggð, að stefnandi geti ekki átt rétt til kaups fyrir lengri tíma en hann var til meðferðar hjá tannlækninum, þ. e. 18. til 25. apríl 1975, því eftir þann tíma hafi hann verið fullkomlega vinnufær.

Lögð hafa verið fram í málinu tvö vottorð Þormóðs ramma h/f, þ. e. stefnda, varðandi kaupútreikninga. Það fyrra er dags. 18. september 1975. Þar segir svo m. a.:

„Júlíus Árnason, netamaður. Var í tannviðgerð frá 18/4 1975. Hluttur netamanns á b/v Stálvík SI 1 frá 18/4 til 30/4 kr. 145.137.00, orlof 12.090.00, samtals kr. 157.227.00“, sbr. dskj. nr. 9.

Síðara vottorðið er dags. 4. nóvember 1975 og hljóðar svo:

„Samkvæmt upplýsingum Jóhanns Sv. Jónssonar var Júlíus Árnason hjá honum í meðhöndlun frá 18/4 '75—25/4 '75. Hluttur Júlíusar á þeim tús hefði orðið kr. 96.755.00 m. orlofi“, sbr. dskj. nr. 12.

Lögmaður stefnanda vakti athygli á því í málflutningi sínum, að vafasamt væri, að heimilt væri að reikna laun fyrir hluta veiðiferðar á þann hátt sem gert sé á dskj. nr. 12, og benti á í því sambandi, að allur aflinn kynni t. d. að hafa veiðst á þremur fyrstu eða þrem síðustu dögum veiðiferðar.

Lýst hefur nú verið tildrögum málsins og rakið það helsta, er fram hefur komið af hálfu málsaðilja til rökstuðnings kröfum þeirra og máli virðist geta skipt.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi, sem var skipverji á skipi stefnda, m/s Stálvík, SI 1, hlaut ákafa tannverki í veiðiferð, er

lauk 17. apríl sl. Er í land var komið, leitaði hann því til og fór í meðferð hjá tannlækni. Treysti stefnandi sér ekki vegna þessa með skipinu í næstu veiðiferð, sem hófst næsta dag. Er staðfest með vottorði tannlæknisins, að stefnandi hafi þá verið óvinnufær vegna tannverkja. Út á þetta vottorð veitti skipstjóri stefnanda fri í umræddri veiðiferð.

Með skírskotun til þess, er nú var sagt, þykir verða að líta svo á, að stefnandi hafi verið „óvinnufær vegna sjúkdóms“ í merkingu sjómannalaga, er veiðiferðin hófst 18. apríl sl., en hún stóð til 30. s. m.

Ákvæði 4. mgr. 27. gr. kjarasamnings þess, er gildi um kaup og kjör stefnanda hjá stefnda á tíma þeim, sem hér skiftir máli, eru svohljóðandi: „Veikist skipverji og verið óvinnufær af þeim orsökum, skal honum greitt kaup skv. sjómannalögum.“ Eiga ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna því við um ágreining þann, sem hér er fjallað um. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja skipverja kaup í nánar greindan tíma að fullnægðum þar greindum skilyrðum. Hér verður að skilja orðalagið „á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær“ vegna sjúkdómsins þann veg, að viðkomandi skuli halda kaupi sínu allt að umræddum tíma, þar til hann á þess kost og er reiðubúinn að rækja starf sitt á ný, og geti það ekki breytt neinu hér um, þótt stefnandi hafi e. t. v. aftur hlotið bata og orðið vinnufær áður en veiðiferðinni lauk.

Ágreiningslaust er, að stefnandi hefði haft samtals í tekjur kr. 157.227 í umræddri veiðiferð, hefði hann ekki forfallast.

Úrslit máls þessa verða því þau, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 157.227 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1975 til greiðsludags, enda hefur því ekki verið haldið fram, að veikindakaupið skuli miðast við annars konar uppgjör.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 73.750.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stálvík, SI 1, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dómsorð:

Stefndi, Þormóður rammi h/f, greiði stefnanda, Júlíusi Ragnari Árnasyni, kr. 157.227 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1975 til greiðsludags og kr. 73.750 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stálvík, SI 1, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Fimmtudaginn 1. júní 1978.

Nr. 172/1976. **Ragnhildur Smith**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

**forsetum Alþingis f. h. Alþingis og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Þorsteinn Geirsson hrl.).

Launakrafa. Jafnlaunaráð. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Héraðsdóminn kváðu upp Már Pétursson setudómari og samdómendurnir Hákon Guðmundsson, fyrrverandi yfirborgardómari, og Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. september 1976. Krefst hún þess aðallega, að stefndu verði dæmt að greiða henni 100.728 krónur „auk 7% ársvaxta af kr. 4.680.- frá 31.1.1973 til 28.2.1973, af kr. 9.965.- frá þeim degi til 31.3.1973, af kr. 14.680.- frá þeim degi til 30.4.1973, af kr. 20.000.- frá þeim degi til 31.5.1973, af kr. 25.330.- með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 30.6.1973, af kr. 30.910.- frá þeim degi til 31.7.73, af kr. 36.505.- frá þeim degi til 31.8.73, af kr. 42.110.- frá þeim degi til 30.9.73, af kr. 48.075.- frá þeim degi til 31.10.73, af kr. 54.046.- frá þeim degi til 30.11.73, af kr. 60.100.- frá þeim degi til 31.12.73, af kr. 65.232.- frá þeim degi til 28.2.74, af kr. 70.364.- frá þeim degi til 31.3.74, af kr. 75.815.- frá þeim degi til 30.4.74, af kr. 81.262.-